

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

15. fundur stjórnar starfstímabilið 2011-2013

Haldinn 14. janúar 2013 á skrifstofu íþróttafulltrúa Íþróttahúsinu við Strandgötu.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Sigurjón Andersen (KK), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Kristín Pétursdóttir (SH), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Sigurður Ævarsson (Sörli), Anders Már Þráinsson (SÍH), Þórarinn Sófusson (GSE). Forföll: Kristján Geir Mathiesen (AÍH), Viðar Halldórsson (FH), Írena Óskarsdóttir (BH), Arnar Geirsson (Bjartur) og Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH).

## 1. Afreksmannasjóður ÍBH janúarúthlutun 2013

Skilafrestur umsókna um afreksstyrki fyrir árið 2012 var mánudaginn 10. desember sl. Stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH fundar fimmtudaginn 17. janúar nk um umsóknir aðildarfélaga ÍBH um afreksstyrki síðast liðið ár. Sjóðnum hafa aldrei borist eins margar umsóknir eins og fyrir árið 2012. Áætlað er að hafa afhendingu afreksstyrkja fimmtudaginn 31. janúar 2013.

## 2. Húsaleigustyrkir til ÍBH 2012

Farið yfir gögn frá íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar sem voru sundurliðuð eftir íþróttafélögum og íþróttamannvirkjum. Félögin minnt á að setja húsaleigustyrkina inn í ársreikninga sína. Milli árana 2011 til 2012 er heildarlækkun rúmar 4 milljónir króna. Íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar gefur frekari upplýsingar um húsaleigustyrkina ef þörf er á.

## 3. Fundaáætlun ÍBH janúar – maí 2013

Næsti stjórnarfundur ÍBH verður mánudaginn 11. febrúar hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum. 11. mars verður fundað hjá Siglingaklúbbnum Þyt. 8. apríl verður fundað í félagsaðstöðu Kvartmíluklúbbsins við Kvartmílubrautina í Kapelluhrauni. Þing ÍBH verður haldið laugardaginn 27. apríl. Fyrsti stjórnarfundur eftir þing verður mánudaginn 6. maí í félagsaðstöðu Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar.

## 4. Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar breytti reglum um styrki vegna fasteignaskatts á bæjarstjórnarfundum þann 5. desember 2012. Nú þurfa þau íþróttafélög sem áður hafa fengið styrk til greiðslur fasteignaskatts hjá Hafnarfjarðarbæ ekki að sækja um styrkinn ef hann er í fjárhagsáætlun ársins heldur kemur hann sjálfkrafa strax við álagningu hans. Ársreikningi skal ávallt skila fyrir hvert starfsár ásamt greinargerð um starfsemina fyrir 1. júní ár hvert að öðrum kosti fellur styrkveiting niður. Reglunum var dreift til fundarmanna og þeir beðnir um að kynna sér þær vel.

## 5. Fundarboð á íþróttapijing ÍSÍ 2013

71. Íþróttapijing ÍSÍ verður haldið dagana 19. – 20. apríl nk á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Tillögur skulu hafa borist framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir föstudaginn 22. mars nk. Tilkynningar um framboð forseta- og stjórnarkjörs skulu berast kjörnefnd í síðasta lagi 29. mars nk.

## 6. Bréf frá Borðtennissambandi Íslands

Í tilefni af Landsmóti UMFÍ á Selfossi 4. – 7. júlí 2013 hefur Borðtennissamband Íslands ákveðið að bjóða aðildarfélögum uppá námskeið í borðtennis til að tryggja góða þátttöku í greininni. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Borðtennissamband Íslands.

**7. Hafnarfjarðarbær óskar eftir upplýsingum um íþrótt- og tómstundaiðkun innflytjendabarna**

Óskað er eftir upplýsingum frá aðildarfélögunum hvort innflytjendabörn séu þátttakendur í starfi félaganna. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvort einhver vandamál séu til staðar. Sendið allar upplýsingar sem þið viljið koma á framfæri varðandi innflytjendabörnin til skrifstofu ÍBH á netfangið [ibh@hafnarfjordur.is](mailto:ibh@hafnarfjordur.is).

**8. Gögn sem ÍBH hefur borist:**

- a). Bréf frá ÍSÍ um vorfjarnám í þjálfaramenntun 1. stigs ÍSÍ sem hefst mánudaginn 11. febrúar 2013.
- b). Bréf frá KSÍ um knattspyrnuþing sem verður haldið 9. febrúar 2013 í Reykjavík.
- c). Bréf frá Íþróttakademíu Keilis um námskeið í ólympískum lyftingum með Harvey Newton 20. - 25. janúar 2013 í Reykjanesbæ.
- d). Bréf frá ÍSÍ um hádegisfund 17. janúar 2013 í húsnæði KSÍ í Laugardal í Reykjavík. Efni fundarins er umræða um hvort að íþróttahreyfingin sé að standast áskoranir nútímasamfélags eða eingöngu að þjálfa til árangurs.

**9. Önnur mál**

- a). IK tók til máls og lýsti ánægju sinni með það að Hafnarfjarðarbær væri að reyna að aðstoða íþróttafélög í erfiðleikum sbr. samning Hafnarfjarðarbæjar við Knattspyrnufélagið Hauka 28. desember sl. og á sama tíma væri Hafnarfjarðarbær að reyna að halda áfram með uppbyggingu íþróttamannvirkja sbr. frjálsíþróttahúsið í Kaplakrika.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.10

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir